

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 23. febrúar 2007 í máli nr. E-6775/2006:

Auto Reykjavík hf

Auto Ísland ehf

(Pétur Guðmundarson hrl.)

gegn

Glitni banki hf.

(Eggert Bjarni Ólafsson hdl.)

Mál þetta, sem var tekið til dóms 19. febrúar sl. er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Auto Reykjavík hf., Knarrarvogi 12, Reykjavík og Auto Ísland ehf., Barónsstíg 2, Reykjavík, á hendur Glitni banka hf., Kirkjusandi, Reykjavík, með stefnu birtri 8. nóvember 2006.

Stefnendur krefjast þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnendum USD 174.611 auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af USD 182.703 frá 20. maí 2006 til 24. október, en af USD 174.611 frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist greiðslu málskostnaðar að viðbættu álagi og virðisaukaskatti.

Stefndi krefst aðallega sýknu að svo stöddu. Til vara er þess krafist að dómkröfur stefnenda beri ekki dráttarvexti fyrr en að 15 dögum liðnum frá dómsuppsögu. Til þrautavara er þess krafist að dráttarvaxtakrafa stefnenda miðist við dómsuppsögu í gerðardómsmálinu Alp ehf. gegn Auto Reykjavík hf. og Auto Ísland ehf. þ.e. 17. október 2006.

Vegna aðalkröfu krefst stefndi þess að stefnendur verði in solidum dæmdir til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins að viðbættum virðisaukaskatti ofan á málflutningsþóknun.

Í greinargerð sinni til Héraðsdóms gerði stefndi kröfu um frávísun málsins, en féll frá þeirri kröfu 5. febrúar 2007.

Málavextir:

Stefnendur áttu og ráku um árabíl bílaleigu á Íslandi undir nafninu Avis. Hinn 3. maí 2005 var sett fram kauptilboð í eignir og rekstur stefnenda, sem tilheyrðu bílaleigunni. Tilboðið var grundvöllurinn að sölu rekstrar og eigna frá stefnendum til Alp ehf., en forsendurnar breyttust frá tilboðinu þar til kaupun voru frágengin með undirritun tilboðs hinn 13. maí 2005. Hinn 20. maí 2005 var gengið frá kaupsamningi vegna viðskiptanna.

Í 3. gr. kaupsamningsins er fjallað um kaupverð og greiðslutilhögun. Kaupverðið var ákveðið 359.500.000 kr. Skyldi greiða kaupverðið með eftirfarandi hætti: (a) allt að 30 milljónir kr. skyldu greiddar með yfirteknum skuldum stefnenda við Avis Europe plc. og Auto Europe Ltd.; (b) 194,5 milljónir kr. skyldu greiddar við undirritun og (c) 185 milljónir kr. skyldu greiddar í USD á tveimur tilteknum gjalddögum, þ.e. 1.145.303 USD hinn 20. október 2005 og 937.066 USD hinn 20. maí 2006.

Um bankaábyrgð er fjallað í 4. gr. samningsins og þar segir að fyrir afhendingu skuli Alp hf. leggja fram bankatryggingu fyrir öllum greiðslum samkvæmt tilboðinu. Stefnendur eigi að geta gengið á trygginguna þegar niðurstaða um fjárhagslegt uppgjör liggi fyrir. Bankaábyrgð var veitt af hálfu stefnda hinn 20. maí 2005 vegna eftirstöðvar kaupverðs að fjárhæð 135 millj. kr.

Samkvæmt 10. gr. samningsins bar að leggja ágreining um fjárhagslegt uppgjör milli aðila undir gerðardóm. Ágreiningur reis með aðilum og fór hann til gerðardóms. Megin niðurstaða gerðardómsins frá 17. október 2006 var sú, að hluti af kröfum Alp ehf. um heimild til skuldajöfnunar á hendur stefnendum var vísað frá gerðardómi, en heimilt var að skuldajafna öðrum greiðslum. Í kjölfar gerðardómsins kröfðu stefnendur stefndu um greiðslu á 182.703 USD. Lögmaður Alp ehf. hafnaði kröfu stefnenda og taldi að enn hefði ekki stofnast réttur til handa stefnendum til að ganga að bankatryggingunni. Stefnendur ítrekuðu kröfu sína 2. nóvember sl. Í ljósi þess að krafa stefnenda hefur ekki verið greidd er mál þetta höfðað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnendur byggja á bankaábyrgð þeirri sem stefndi veitti Alp ehf. vegna kaupa á Avis bílaleigunni af stefnendum í maí 2005. Með henni hefur stefndi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð samkvæmt skilmálum ábyrgðarinnar. Til að ábyrgð stefnda verði virk þarf einungis efndatíminn að vera runninn upp og að tilkynningu hafi verið beint til hans um að aðalskuldari, Alp ehf., hafi vanefnt á gjalddaga. Slíkar tilkynningar hafa verið sendar. Þegar af þessari ástæðu ætti að fallast á dómkröfur stefnanda.

Þegar Alp ehf. greiddi ekki réttilega síðustu greiðsluna á gjalddaga hennar, 20. maí 2006, var send greiðsluáskorun til bankans. Bankinn hafnaði greiðsluskyldunni að svo stöddu á þeim grundvelli að ábyrgðin væri skilyrt þar sem hún vísaði í skilmála kaupsamnings. Orðrétt segir í bankaábyrgðinni frá 20. maí 2005: „Með yfirlýsingu þessari ábyrgist [stefndi] gagnvart seljendum greiðslu [...] eftirstöðva kaupverðs, allt í samræmi við skilmála kaupsamnings. Komi til þess að kaupandi vanefni

ofangreindar greiðslur mun [stefndi] innan þriggja daga frá því að tilkynning hefur borist frá seljendum um slíkt greiða þann hluta viðkomandi greiðslu sem kaupandi hefur vanefnt gagnvart seljanda.“ Stefnendur telja að þrátt fyrir að skilyrðið sé komið fram með niðurstöðu gerðardómsins og að hið fjárhagslega uppgjör yfirtekinna skulda hafi farið fram, hefur stefndi ekki staðið við greiðsluskyldu sína samkvæmt bankaábyrgðinni.

Stefnendur halda því fram að um skýringu á bankaábyrgðinni fari samkvæmt almennum túlkunarreglum, þ.á m. þeirri að lánastofnanir verði að bera hallann af ætluðum óskýrleika ábyrgðaryfirlýsingar sem þær hafa sjálfar samið. Af hálfu stefnda hefur ekki verið útskýrt af hverju ekki hefur verið greitt samkvæmt ábyrgðinni eða hvort stefndi telji skilyrði hennar ekki hafa komið fram. Stefnendur telja að ekki sé hægt að ráða annað af yfirlýsingunni sjálfri en að hún sé orðin virk enda sé hún fremur afdráttarlaus.

Stefnendur halda því fram að ábyrgð stefnda sé orðin virk samkvæmt orðalagi hennar þar sem skilyrði um niðurstöðu gerðardómsins er komið fram og hinu fjárhagslega uppgjöri þar með lokið, sbr. ákvæði kaupsamnings þar að lútandi. Verður þetta ekki skilið á annan hátt en þann að ætlaður ágreiningur um önnur atriði milli stefnanda og Alp ehf. skuli fá sjálfstæða úrlausn. Með öðrum orðum ber stefnda að greiða samkvæmt bankaábyrgðinni, þ.e. greiðsla ábyrgðarinnar fari fram óháð slíkum deilum.

Við skýringu bankaábyrgðarinnar telur stefnandi að einnig beri að líta til þess að ábyrgðin sé afsprengi kaupsamningsins. Verða orð og innihald bankaábyrgðarinnar þar af leiðandi ekki skýrð án tillits til þess skilnings sem samningsaðilar, annars vegar stefnendur og hins vegar Alp ehf., lögðu í hana á þeim tíma sem hún var frágengin og þess tilgangs sem hún var sett fram í. Afstaða stefnanda er að bankaábyrgðin sé orðin virk. Hvað varðar skilning Alp ehf. er vísað til bréfs lögmanns þeirra 10. maí 2005 þar sem viðurkennt sé að ágreiningur sé ferns konar, þ.m.t. sé ágreiningur um fjárhagslegt uppgjör, sem fór síðar fram hjá gerðardómi og er því að fullu lokið. Draga stefnendur af þessu þá ályktun að samningsaðilar hafi verið sammála um hvað fælist í orðunum fjárhagslegt uppgjör sem bankaábyrgðin væri skilyrt við.

Þessu til stuðnings er einnig vísað til gerðardómsins sem túlkaði valdsvið sitt þröngt. Kemur það m.a. fram í forsendum gerðadóms, en þar segir: „Skilja má því kaupsamning aðila svo, og með tilliti til orðalags tilboðsins, að ágreiningur um uppgjör á þeim þáttum, sem útkljá átti áður en gengið yrði að bankaábyrgðinni, hafi átt undir sérstakan gerðardóm, sem skipaður skyldi einum manni, enda var ekki unnt að ganga að bankaábyrgðinni fyrr en að slíkri niðurstöðu fenginni.“ Enn fremur segir í dómi gerðardóms: „Samkvæmt 1. mgr. 10. gr. kaupsamningsins skyldi leggja ágreining sem upp kæmi um fjárhagslegt uppgjör milli aðila undir gerðardóm, sbr. „7. mgr. 2. gr. tilboðsins“. Samkvæmt 4. gr. kaupsamningsins skyldi afhent bankaábyrgð fyrir öllum greiðslum samkvæmt tilboðinu og ráðgjafarsamningi og átti að vera unnt að ganga að þeirri ábyrgð þegar niðurstaða um fjárhagslegt uppgjör lægi fyrir samkvæmt 2. mgr. 3. gr., sbr. 7. mgr. 2. gr. tilboðsins.“ Í niðurlagi gerðardóms segir orðrét: „Ljóst er [...] að verulegur dráttur varð á málinu vegna þeirra krafna [Alp ehf.] sem gerðardómurinn telur að hafi verið hinu fjárhagslega uppgjöri óviðkomandi og er vísað frá gerðardóminum.“

Af þessum og öðrum ummælum í gerðardómi verði ekki önnur ályktun dregin, að mati stefnanda, en að títtnefndu fjárhagslegu uppgjöri stefnanda og Alp ehf. sé lokið. Af því leiðir að fyrir liggur vanefnd af hálfu Alp ehf. í skilningi bankaábyrgðarinnar. Tilvitnuð ummæli gerðardóms gefa afdráttarlaust til kynna að stefnendum sé því, út frá forsendum og niðurstöðum gerðardóms, heimilt að ganga að bankaábyrgðinni.

Með vísan til alls framangreinds telja stefnendur ljóst að stefndi getur ekki borið því við að bankaábyrgðin sé ekki orðin virk. Á þeim forsendum ber að fallast á dómkröfur stefnanda.

Krafa um dráttarvexti frá 20. maí 2006 byggir á 1. mgr. 6. gr laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. einnig 7. gr. sömu laga. Alp ehf. vanefndi greiðsluskyldu sína vegna gjalddaga kaupverðsins þann 20. maí 2006. Bankaábyrgð stefnda varð virk þremur dögum síðar í samræmi við orðalag ábyrgðarinnar og greiða ber dráttarvexti frá gjalddaga greiðslunnar. Það kemur fram í gerðardóminum að skuldajöfnuður Alp ehf. var óheimill nema að því er varðar USD 47.500 og því ber að greiða dráttarvexti frá gjalddaga af mismuninum sem eru USD 182.703 sem voru í vanskilum frá 20. maí 2006. Hinn 24. október 2006 greiddi Alp ehf. USD 8.092 inn á skuld sína og tekur kröfugerð stefnanda mið af þeirri greiðslu.

Krafa um málskostnað byggir á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. einnig lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Krafa um álag ofan á málskostnað byggir á 131. gr. laga um meðferð einkamála. Stefndi er fjármálafyrirtæki og starfar samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þannig ber stefnda að viðhafa eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti, sbr. m.a. 19. gr. laganna. Þá er stefndi einn stærsti banki landsins og kemur í viðskiptalífínu víða að kaupum og sölum fyrirtækja, fjármögnunum o.þ.h.

Aðkoma stefnda að kaupum Alp ehf. á eignum og rekstri stefnanda var mikil og útgáfa bankaábyrgðar stefnda var forsenda þess að stefnendur samþykktu kauptilboð Alp ehf. Upphaflegt kauptilboð gerði ekki ráð fyrir því að veitt væri bankaábyrgð, vegna greiðslna en stefnendur gerðu kröfu til að svo væri enda um mikla hagsmuni að ræða. Ótækt var talið að gera slíkan samning án þess að vera með tryggar greiðslur kaupverðsins. Þar kom stefndi að málinu og var kunnugt um þessa forsendu stefnanda. Samdi stefndi bankaábyrgð sem stefnendur áttu að geta gengið að ef vanskil yrðu á greiðslum af hálfu Alp ehf. Skemmst er frá að segja að stefnendur hefðu ekki gert samning um sölu Avis bílaleigunnar nema að hafa trygga bankaábyrgð að baki.

Engin svör hafa borist frá stefnda vegna kröfu stefnanda um greiðslu úr ábyrgðinni sem verður að teljast óskiljanleg háttsemi af hálfu aðila sem hefur starfsleyfi sem banki og á að starfa eftir þeim reglum sem gilda um fjármálafyrirtæki. Telja stefnendur að háttsemi stefnda eigi að leiða til þess að stefnda verði gert að greiða álag ofan á málskostnað stefnanda. Slík háttsemi verður til þess að það traust, sem verður að vera fyrir hendi í viðskiptalífínu, hverfur. Senda verður þau skilaboð til banka, líkt og stefnda, að það gangi ekki upp að bankaábyrgð hafi ekki það gildi sem allur almenningur telur að hún hafi, þ.e. að það sé öryggi sem fylgir slíkum ábyrgðum. Á þessum forsendum og með vísan til 131. gr. laga um meðferð

einkamála gera stefnendur þá kröfu að stefndi verði dæmdur til greiðslu álags ofan á málflutnings-þóknun.

Stefnendur byggja kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um gildi sjálfskuldarábyrgðar og á almennum túlkunarreglum. Krafa um málskostnað er byggð á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. einnig lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988. Krafa um álag ofan á málskostnað á 131. gr. laga um meðferð einkamála. Krafa um dráttarvexti er studd við 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sbr. einnig 7. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Sýknukröfu sína byggir stefndi á því að sá tími sé ekki kominn er hann verður krafinn um efnidir á ábyrgðaryfirlýsingu þeirri sem hann gaf út til stefnenda þann 20. maí 2006. Stefndi telur að skuldbindingar hans samkvæmt fyrrgreindri ábyrgðaryfirlýsingu ráðist eðli máls samkvæmt af efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Þegar efni hennar er skoðað nánar sést strax að ekki er um skilyrðislausu ábyrgðaryfirlýsingu að ræða, heldur er um skilyrta ábyrgð að ræða, þ.e. ábyrgðin tekur til greiðslu eftirstöðva kaupverðs, allt í samræmi við skilmála kaupsamnings. Í þessu sambandi er sérstaklega mótmælt skilningi stefnenda á eðli sjálfskuldarábyrgða sem kemur fram í stefnu.

Samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni ábyrgðist stefndi eftirstöðvar kaupverðs, ef Alp ehf. greiddi ekki það sem fyrirtækinu bæri að greiða samkvæmt kaupsamningnum. Greiðsluskylda Alp ehf. ræðst hins vegar ekki einungis af þeim skuldbindingum sem kaupandi tók á sig samkvæmt kaupsamningnum, hún er einnig háð því að seljandi standi við sínar samningsskyldur enda öðlast kaupandi samkvæmt kaupalögum og almennum reglum kröfuréttarins ýmsan rétt gagnvart seljanda, t.d. rétt til skuldajafnaðar, vanefni seljandi skyldur sínar samkvæmt kaupsamningi. Kaupsamningur sá sem ábyrgðaryfirlýsing stefnda tengist er um flókin kaup á margþættum rekstri þar sem fjallað er í löngu máli um hvað hið selda er og hvernig og með hverju kaupverð skuli greiddast. Viðsemjandi stefnenda, Alp ehf., sem keypti bílaleigurekstur af stefnendum, hefur ítrekað gert kröfur um skuldajöfnuð vegna vanefnda stefnenda á skyldum þeirra samkvæmt kaupsamningnum. Síðast gerði Alp grein fyrir skuldajöfnunarkröfum sínum 20. október sl. að gengnum gerðardómi um tiltekin ágreiningsmál aðila kaupsamningsins. Samkvæmt Alp ehf. eru eftirstöðvar kaupverðs engar samkvæmt skilmálum kaupsamningsins. Í ljósi þess að ábyrgðaryfirlýsing stefnda er ekki skilyrðislaus hlýtur stefndi því að hafna, a.m.k. að svo stöddu þeim kröfum að hann greiði f.h. Alp ehf. það sem stefnendur halda fram að séu eftirstöðvar kaupverðs. Önnur afstaða gæti valdið stefnda réttarspjöllum enda á stefndi ekki endurkröfurétt á Alp hf., ef hann greiðir umfram skyldu.

Stefnendur segja sem svo að með því að gerðardómur hafi fjallað um þau ágreiningsatriði sem hann gerði, sé það skilyrði komið fram sem ábyrgðaryfirlýsing stefnda er bundin og ábyrgðin sé þar með orðin virk. Stefndi getur ekki fallist á þetta. Alp ehf. leggur ekki sama skilning í niðurstöðu gerðardómsins og stefnendur gera. Í fyrrgreindu bréfi Alp ehf. til stefnenda og stefnda frá 20. október sl. vísar fyrirtækið í gerðardóminn og segir m.a.: „Varðandi greiðslu úr ábyrgð Glitnis er

ljóst að enn er uppi ágreiningur með aðilum um fjárhagslegt uppgjör samningsins þar sem seljandi viðurkennir ekki þá kröfuliði kaupanda sem gerðardómurinn tók ekki afstöðu til.“ Alp hf. rekur síðan það sem gerðardómurinn segir um skilyrði þess að unnt sé að ganga á ábyrgð stefnda, þ.e. að uppgjör vegna lögskila þurfi að hafa farið fram sem og uppgjör á öllum greiðslum sem fara áttu fram samkvæmt 2. gr. tilboðsins; gerðardómurinn hafi ekki tekið afstöðu til þessara liða, ágreiningur sé um hver skyldi vera fjárhæð síðustu greiðslu sem Alp hf. bar að greiða samkvæmt kaupsamningnum (greiðslan 20. maí 2006), nánar tiltekið hverri fjárhæð væri heimilt að skuldajafna.

Stefnendur halda því hins vegar fram að þar sem ábyrgðaryfirlýsingin sé afsprengi kaupsamningsins og undanfarandi tilboðs verði að túlka ábyrgðaryfirlýsinguna í ljósi ákvæða þessara samninga. Slík túlkun leiði til þeirrar niðurstöðu að sé komin niðurstaða um uppgjör sem heyri undir gerðardóm skv. samningi aðila þá sé jafnframt fullnægt skilyrðum ábyrgðaryfirlýsingarinnar og hún þar með orðin virk.

Stefndi mótmælir því að heimilt sé að túlka efni ábyrgðarinnar með þeim hætti sem stefnendur gera. Stefndi gaf út skýra ábyrgðaryfirlýsingu með fyrirvara, sem felur í sér að stefnda beri ekki að greiða, ef Alp ehf. ber ekki að greiða. Túlkun stefnenda þrengir því þau skilyrði sem ábyrgðaryfirlýsingin er bundin með því að leita skýringa á efni hennar í samningum sem stefndi kom ekki að, hvorki í heild né einstökum ákvæðum, eins og t.d. því sem fjallar um gerðardóm þann sem nú hefur dæmt í tilteknum ágreiningi aðila kaupsamningsins.

Þá byggir stefndi á því að enda þótt á það yrði fallist, að túlka bæri efni ábyrgðar hans með hliðsjón af kaupsamningi stefnenda og Alp ehf. þá hafni hann því að kaupsamningurinn styðji fullyrðingar stefnenda um efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar. Í kaupsamningnum er vikið að gerðardómi aðila samningsins í einum málslið, þ.e. 2. málslið 1. mgr. 10. gr. þar sem segir: „Komi upp ágreiningur um fjárhagslegt uppgjör milli aðila skal gerðardómur fjalla um málið, sbr. 7. mgr. 2. tilboðsins.“ Hér er því valdssvið gerðardómsins ákvarðað sem ágreiningur um „fjárhagslegt uppgjör“ milli aðila. Tilvísunin í 7. mgr. 2. málsliðar tilboðsins þrengir ekki valdssviðið enda er með þeirri tilvísun fyrst og fremst verið að vísa til þess að gerðardómurinn skuli vera skipaður einum manni eins og þar er kveðið á um. Eins og fyrr segir þá er kaupsamningur sem ábyrgðin tengist flókin og við efndir hans þurftu margvísleg uppgjör að fara fram sem kaupsamningur og tilboð gera og ráð fyrir. „Gerðardómur skal fjalla um fjárhagslegt uppgjör milli aðila“ segir í ofangreindu ákvæði. Ekki verður séð af þessu að sú þrönga skilgreining á valdssvið dómsins sem stefnendur hafa haldið fram hafi við rök að styðjast.

Önnur ákvæði í samþykktu tilboði Alp ehf. í rekstur stefnenda sem víkja að uppgjörum milli aðila styðja ekki heldur túlkun stefnenda. Í 2. mgr. 3. gr. tilboðsins er fjallað um margvíslegt uppgjör milli aðila miðað við lögskil en ekki er skírskotað sérstaklega til uppgjörs vegna lögskila í 7. mgr. 2. gr. tilboðsins. Í síðara ákvæðinu er þvert á móti vísað til almenns uppgjörs á kaupverðinu en 2. gr. tilboðsins ber yfirskriftina „Kaupverð“. Það er því engum vafa undirorpið að kaupsamningur og tilboð gerðu ráð fyrir að margvíslegt uppgjör færi fram milli aðila og að þau þyrftu að fara fram áður en unnt væri að ganga að ábyrgð stefnda. Enn skal minnt á það að uppgjör vegna skuldajöfnunarkröfu Alp ehf. hefur ekki farið fram.

Stefnendur gera mikið úr því að gerðardómur hafi túlkað valdssvið sitt þröngt sem renni stöðum undir þann skilning þeirra að einungis nánar tilgreind uppgjör þyrftu að liggja fyrir svo ganga mætti að ábyrgð stefnda.

Af þessu tilefni vill stefndi vekja athygli á að hvorki í kaupsamningnum né tilboði er minnst á að gerðardómurinn eigi að fjalla um efni ábyrgðaryfirlýsingar stefnda og því síður hefur stefndi nokkurn tíma fallist á að gerðardómurinn skyldi úrskurða um efni ábyrgðaryfirlýsingar hans. Þegar gerðardómurinn nefnir, í rökstuðningi fyrir niðurstöðu sinni, að skilja megi „kaupsamning aðila svo, og með tilliti til orðalags tilboðsins, að ágreiningur um uppgjör á þeim þáttum, sem útkljá átti áður en gengið yrði bankaábyrgðinni, hafi átt undir sérstakan gerðadóm enda var ekki unnt að ganga að bankaábyrgðinni fyrir en að slíkri niðurstöðu fenginni“ þá er gerðardómurinn með þessu einungis að afmarka og skilgreina eigin lögsögu; hann er ekki að ákvarða hvaða skilyrði þurfi að vera fyrir hendi svo ábyrgðaryfirlýsing stefnda verði virk. Ef túlkun stefnenda væri rétt, á rökstuðningi gerðardómsins að þessu leyti, jafngilti það því að gerðardómurinn væri að úrskurða um efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar, en þar með væri dómurinn kominn út fyrir valdssvið sitt.

Telji rétturinn hins vegar að í niðurstöðu gerðardóms, um hvaða uppgjör heyrir undir lögsögu hans, megi fá leiðbeiningu um hver séu skilyrði ábyrgðaryfirlýsingarinnar verður að hafa í huga að túlkun og niðurstaða gerðardómsins byggir á óskýrum ákvæðum. Dómurinn viðurkennir þetta sjálfur þar sem hann segir á bls. 14, 3. mgr.: „Kaupsamningur aðila frá 20. maí 2005, og kauptilboð frá 13. maí s.á. eru ekki alls kostar skýr varðandi afmörkun ágreinings sem bera mátti undir gerðardóm.“

Stefndi byggir á því að allan vafa um efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar verði að túlka honum í hag. Stefndi mótmælir þeirri staðhæfingu stefnenda að þar sem stefndi hafi útbúið ábyrgðaryfirlýsinguna beri hann hallann af ætluðum óskýrleika hennar. Þvert á móti hljóti stefnendur að bera hallann af því ef vafi ríkir um efni ábyrgðarinnar. Krafan um ábyrgðina kom frá stefnendum, hún var í þeirra þágu og þeir hljóta því fyrst og fremst að bera ábyrgð á efni hennar, en í þessu felst ekki, eins og stefnendur virðast telja, að þeir geti komið eftir á og einhliða skilgreint hvert efni ábyrgðarinnar sé. Jafnframt skal minnt á það að stefndi átti ekki aðild að gerðardómsmálinu og gat því ekki komið sjónarmiðum á framfæri um efni ábyrgðarinnar. Efni ábyrgðaryfirlýsingarinnar verður ekki óskýrt fyrir en menn fara að halda því fram að efni hennar ráðist af ákvæðum utan hennar, þ.e tilteknum ákvæðum í fyrrnefndum kaupsamningi og tilboði.

Dráttarvaxtakrafa stefnenda miðast við 20. maí 2006. Stefndi neitar því að kröfur hans geti borið dráttarvexti fyrir en frá þessum tíma. Á þessum tíma hafði Alp ehf. lýst yfir skuldajöfnuði á móti öllum eftirstöðvum kaupverðsins. Greiðsluskylda stefnda hafði því ekki stofnast á þessum tíma. Gerðardómur sem dæmdi um ágreining stefnenda og Alp ehf. féllst að hluta til á skuldajöfnunarkröfur Alp ehf. Krafa stefnenda á hendur stefnda getur því í fyrsta lagi borið dráttarvexti frá 17. október 2006, dómsuppsögudegi gerðardómsins.

Á það skal og bent að þegar stefnendur í tölvupóstssamskiptum milli 22. og 29. maí 2006 beindu fyrst kröfu til stefnda að hann greiddi eftirstöðvar kaupverðs 2006 héldu þeir því fram að það væri aðeins eitt uppgjör sem gerðardómur ætti að

fjalla um, þ.e. hvort yfirtaka Alp ehf. á skuldum stefnenda gagnvart sérleyfisveitendum (Avis Evrópu) væri hærri eða lægri en 30.000.000 kr., sjá bls. 4 í greinargerð stefnenda í gerðardómsmálinu. Gerðardómurinn komst hins vegar að þeirri niðurstöðu að ýmis önnur uppgjör ættu undir lögsögu hans, sbr. bls. 14 í dómnum. Þannig héldu stefnendur fram greiðsluskyldu stefnda á röngum forsendum í lok maí 2006. Þegar af þessari ástæðu var höfnun stefnda á þessum tíma á greiðslu réttmæt.

Stefndi hafnar því alfarið að lagaskilyrði fyrir álagningu á málskostnað séu fyrir hendi. Stefnendur beri alla ábyrgð á því hve óskýr ákvæði kaupsamnings eru um skilmála bankaábyrgðarinnar eins og fyrr er rakið. Stefnendur hafa áður gert kröfu um greiðslu frá stefnda samkvæmt ábyrgðaryfirlýsingunni enda þótt fyrir hafi legið skuldajöfnunarkrafa frá Alp ehf. Enn gera stefnendur kröfu um að stefndi greiði eftirstöðvar sem Alp ehf. heldur fram að ekki séu til staðar. Stefndi hefur gert umbj. stefnenda grein fyrir því munnlega að hann teldi að skilyrðum fyrir greiðslu samkvæmt ábyrgðinni væri ekki fullnægt. Fékk stefndi þau skilaboð innan við þremur vikum eftir að gerðardómur gekk. Varla hefðu stefnendur höfðað mál jafnskömmu eftir uppsögu gerðardómsins og raun ber vitni hefðu skilaboð bankans um að ekki yrði greitt ekki legið fyrir.

Stefndi byggir kröfur sínar á meginreglum samninga- og kröfuréttar um túlkun samninga. Krafa um málskostnað er byggð á 129. og 130. gr. laga um meðferð einkamála, sbr. einnig lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988.

Forsendur og niðurstaða.

Eins og að framan greinir seldu stefnendur bílaleigu undir nafninu Avis, sem stefnendur höfðu rekið um árabíl og var kaupandi Alp ehf. Samningurinn var gerður 20. maí 2005. Með yfirlýsingu sama dag frá Íslandsbanka hf., nú stefnda, ábyrgðist bankinn gagnvart stefnendum greiðslu eftirstöðva kaupverðs, allt í samræmi við skilmála kaupsamnings. Stefndi hefur ekki hafnað ábyrgðinni, heldur telur hana ekki vera orðna virka.

Framlögð gögn bera með sér að ágreiningur varð milli stefnenda og Alp ehf. um efndir á kaupsamningnum. Í bréfi lögmanns Alp ehf. til stefnenda taldi hann að ágreiningurinn væri ferns konar. Í fyrsta lagi um fjárhagslegt uppgjör, í öðru lagi vegna verðmæta sem ekki voru afhent, í þriðja lagi um verðmæti hins selda og í fjórða lagi vegna ætlaðra brota á samkeppnisákvæðum. Því var óskað eftir að gerðardómurinn, sem stefnendur og Alp ehf. höfðu samið um í kaupsamningi sínum, tæki til allra atriða. Stefnendur höfnuðu því. Niðurstaða gerðardómsins frá 17. október 2006 var m.a. sú að vísa frá hluta af þeim kröfum sem Alp ehf. taldi sig eiga á stefnendur. Í bréfi lögmanns Alp ehf. frá 20. október 2006 var gert upp á grundvelli gerðardómsins. Þannig var þeim kröfum skuldajafnað, sem vísað var frá gerðardóminum við ógreitt kaupverð og eftirstöðvarnar greiddar stefnendum. Því liggur fyrir í málinu, að Alp ehf. telur sig hafa gert upp við stefnendur, m.a. með þessum skuldajöfnuði. Alp ehf. er ekki aðili að dómsmáli þessu og ekki er tekin afstaða til réttmætis skuldajafnaðarins í dómi þessum.

Eins og að framan greinir er aðkoma stefnda einungis þannig, að sama dag og stefnendur og Alp ehf. gera kaupsamninginn, þ.e. 20. maí 2005, gefur bankinn út yfirlýsingu „um ábyrgð á greiðslu skv. kaupsamningi“. Þar segir meðal annars að bankinn ábyrgist greiðslu eftirstöðva kaupverðs að fjárhæð 135 milljónir kr. umreiknað yfir í USD 2.082.369 miðað við skráð opinbert viðmiðunargengi Seðlabanka Íslands þann 19. maí 2005. Þannig var ábyrgð tekin á eftirstöðvum kaupverðs USD 1.145.303, sem voru greiddar 20. október 2005, og eftirstöðvum kaupverðs USD 937.066, sem greiða átti 20. maí 2006. Það er lokagreiðslan samkvæmt kaupsamningnum og snýr ágreiningur málsins að því hvort sú greiðsla hafi verið að fullu greidd eða ekki.

Í kaupsamningum hvílir skylda á báðum samningsaðilum. Almennt sagt ber seljanda að afhenda hið selda í fullnægjandi ástandi og kaupanda að greiði hið umsamda verð, allt á umsömdum tímum. Gögn málsins bera það með sér að Alp ehf. telur að stefnendur hafi vanefnt skyldur sínar samkvæmt samningnum og þar af leiðandi komi til krafan um skuldajöfnuðinn. Í ljósi orðalags ábyrgðaryfirlýsingar stefnda, sem og orðalags 2. ml. 7. tl. 2. gr. tilboðsins frá 13. maí 2005 og einnig með hliðsjón af því að stefndi var ekki aðili að gerðardómsmálinu, telur dómurinn réttmætt að úrlausn verði fengin í ágreining stefnenda og Alp ehf. áður en hægt verði að ganga að tryggingu stefnda. Þar sem Alp ehf. er ekki aðili að máli þessu verður ekki hjá því komist að sýkna stefnda að svo stöddu af öllum kröfum stefnenda í málinu svo sem hann hefur krafist. Með vísan til 130. gr. eml. ber stefnanda að greiða stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 kr.

Af hálfu stefnanda flutti málið Heiðar Ásberg Atlason hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Eggert Ólafsson hdl.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, Glitnir banki hf., er sýknaður að svo stöddu af kröfum stefnenda, Auto Reykjavík hf. og Auto Ísland ehf.

Stefnendur greiði stefnda 500.000 kr. í málskostnað.

Sigrún Guðmundsdóttir.